

## **Breytingatillögur borgarfulltrúa Vinstri grænna við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025**

### **V-11 Tillaga að stjórnkerfisbreytingu**

Lagt er til að stafrænt ráð verði lagt niður og verkefni þess færð undir borgarráð. Áætlað er að sparnaður vegna þessa nemi 17,8 m.kr. sem verði færður á liðinn ófyrirséð.

### **V-12 Tillaga að breytingu á íbúaráðunum**

Lagt er til að leggja niður íbúaráðin í þeirri mynd sem þau eru í dag og fela ofbeldis- og mannréttindaráði verkefni þeirra tímabundið. Í framhaldinu skal skipa þverpólitískan stýrihóp sem skilar tillögum um betri leiðir til að auka og efla lýðræðislega aðkomu og þátttöku borgarbúa að verkefnum og viðfangsefnum Reykjavíkurborgar. Áætlað er að sparnaður vegna þessa nemi 74,1 m.kr. sem verði færður á liðinn ófyrirséð.

### **V-13 Tillaga um fjölgun ístíma Skautahallarinnar í Laugardal**

Lagt er til að ístímum í Skautahöllinni verði fjölgað sem nemur þörf Skautafélags Reykjavíkur til að mæta þreföldun iðkendefjölda félagsins síðan 2017. Eru það á bilinu 25-30 tímar á viku til að uppfylla lágmarkspörfina. Sviðsstjóra er falið að útfæra fjölda ístíma í samráði við forsvarsmenn Skautafélags Reykjavíkur og leggja fyrir tillögu um fjölgun tíma á menningar- og íþróttaráðsfundi sem fyrst. Áætlað er að kostnaður vegna þessa nemi 20 m.kr. sem verði fjármagnað af liðnum ófyrirséð.

### **V-14 Tillaga að breytingu á fundarkostnaði/launagreiðslum varamanna í ráðum og nefndum**

Lagt er til að fjármagn vegna fundarkostnaður/launagreiðslur varamanna í ráðum og nefndum, að fagráðum undanskildum verði fært til skrifstofu borgarstjórnar til samræmis við það fyrirkomulag sem hefur gilt um fagráð.